

geta áfram átt aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með þeim réttindum og skyldum sem fyrir er mælt í lögum um lífeyrissjóðinn.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist gagnvart hinum nýju samtökum skuldbindingar þeirra við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins vegna lífeyrisréttinda skv. 2. gr., svo og vegna lífeyrisréttinda fastráðinna starfsmanna Búnaðarfélags Íslands sem látið hafa af störfum fyrir 1. janúar 1995.

4. gr.

Jafnskjótt og fyrsta þing hinna nýju samtaka hefur sett þeim formlegar samþykktir skulu lög þessi tekin til endurskoðunar, svo og öll þau lagaákvæði önnur þar sem vísað er til Búnaðarfélags Íslands eða Stéttarsambands bænda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15/1928, um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfélags Íslands.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Yfirdýralæknir hefur eftirlit með ávísunum dýrallyfja.

2. gr.

Við síðari málsgrein 21. gr. laganna bætist eftirfarandi: en um lyfsölu dýralækna gildir 5. mgr. 30. gr.

3. gr.

Í stað 4. mgr. 30. gr. laganna koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfshöfum, stofnunum sem hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni og reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum og tannlæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravitjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna og tannlækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir rekstrarkostnað.

Lyfjaheildsölum er jafnframt heimilt að selja dýralæknum dýralyf til notkunar á eigin stofum eða í vitjunum og til sölu frá starfsstofu sinni. Ráðherra skal, í samráði við yfirdýralækni, setja reglugerð þar sem kveðið er á um hvaða lyf dýralæknar mega selja og hvaða lyf þeir mega eingöngu sjálfir gefa dýrum. Jafnframt skal þar kveðið á um hvaða upplýsingar skuli fylgja lyfjum sem gefin eru dýrum hverra afurðir eru ætlaðar til manneldis og hvaða skýrslur ber að halda um sölu dýralyfja, sbr. 24. gr.

4. gr.

Við 39. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Lyfjaverðsnefnd ákvarðar verðlagningu dýralyfja sem seld eru án lyfseðils, sbr. 40. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lyfjaverðsnefnd ákvarðar hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum í heildsölu og smásölu.

b. Í stað orðanna „þóknun til dýralækna“ í 5. másl. 3. mgr. kemur: hámarksverð á dýralyfjum í smásölu.

c. Við síðari málslíð 4. mgr. bætist: og allra dýralyfja.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda laugardaginn 3. desember nk. Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 2. desember 1994.

Friðrik Sophusson.

Kristján Andri Stefánsson.